

**Mál nr. 57/2020****M og  
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.****Ágreiningur um rétt ökumanns til bóta fyrir líkamstjón eftir að hafa ekið á steinstöpul.****Gögn.**

Málskot, móttekið 13.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.3.2020, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 11. desember 2018 ók M bifreiðinni A utan í steinstöpul á Sundlaugavegi í Reykjavík. Hún leitaði samdægurs á heilsugælustöð. Í samskiptaseðli viðkomandi heilsugæslustöðvar vegna þeirrar komu segir að M hafi mánuði lent í árekstri. Hún hafi fundið fyrir verkjum í hálsi og svolitlum höfuðverk. Við skoðun mun M hafa reynst vera stíf í hálsi og með talsverð eymsli en þó meira vinstra megin og haft skerta hreyfigetu til hliðanna, einkum yfir til hægri. Var niðurstaða sú að M væri með hálstögnun. Þá ritaði læknir vottorð um að M hafi verið óvinnufær frá 12. til 21. desember 2018. M leitaði að nýju til heimilislæknis 10. janúar 2019. Segir í vottorði vegna þeirrar komu að talsvert högg hafi orðið við áreksturinn og virðist sem M hafi rekið höfuðið í stýrið. Hún hafi kvartað undan höfuðverk og stirðleika í hálsi sem ekki hafi lagast. Við skoðun hafi verið stirðleiki og eymsli í hálsvöðvum meira vinstra megin, axlarhreyfingar verið eðlilegar og mjóbak eðlilegt. Hafi M verið greind með hálstögnun og fengið beiðni um sjúkraþjálfun. Hún leitaði til sjúkraþjálfara 28. mars 2019 og mun hafa komið í 11 skipti til 28. október 2019. Í skýrslu sjúkraþjálfara segir að vel hafi gengið að minnka verki í vinstri öxl. Hreyfiskerðing í háls hrygg hafi tekið fleiri meðferðir. Við síðustu meðferð hafi hún verið stíf í „rotation“ til vinstri í háls hrygg. „Mobilizing og triggerpunktar“ hafi hjálpað til að auka hreyfigetu og minnka stífni.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Af því tilefni aflaði V sérstaks útreiknings, svonefndrar PC Crash skýrslu, á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á A við akstur á steinstöpulinn. Í skýrslunni, sem er dagsett 15. febrúar 2019, segir að við áaksturinn hafi fyrsta högg verið á hægra framhorn plaststuðarakápu bílsins. Hún sé mjúk á þessum stað og gefi vel eftir. Stöpullinn hafi síðan skrapað dekk og hjólkopp. Billinn hafi runnið áfram eftir stöplinum með báðar hægri hurðir og síðasta ákoma hafi verið á brettakant rétt aftan við afturhurð. Þessar rispur séu grunnar en höggið verið nægilegt til að spegill hafi komið í hurðarbyrðin. Er niðurstaða skýrslunnar að líklegasta gildi þyngdarhröðunar A við áaksturinn sé 1,01 g. Í tilkynningu V til lögmanns M, dags. 11. mars 2019, segir að gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af slysinu. Því muni V hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Engu að síður greiði V útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem hafi fallið til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið, að öðrum skilyrðum fullnægðum.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé með aðilum að M hafi ekið A á steinstöpul líkt og að framan greinir. Af því leiðir að M á rétt á bótum fyrir það líkamstjón sem hún varð fyrir við atvikið úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, sbr. 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, en í 2. mgr. þeirrar lagagreinar sagði að vátryggingin skuli tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Líkamstjón sem hér um ræðir bætist samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Gögn málsins um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir umrætt sinn eru mjög af skornum skammti eða einungis þau gögn sem getið er hér að framan. Engin mats- eða álitserð liggur fyrir um þær heilsufarslegu afleiðingar sem atvikið hefur haft fyrir M. Af fyrirliggjandi læknavottorði um óvinnufærni M verður þó ráðið að hún hafi verið óvinnufær með öllu frá 12. til 21. desember 2018 eða í tíu daga. Hvorki fyrrgreind PC Crash skýrsla né önnur gögn málsins eru til þess fallin að vefengja þessa niðurstöðu. Þykir því mega slá því föstu að M hafi verið veik og óvinnufær umrætt tímabil og eigi því rétt á þjáningabótum samkvæmt 3. gr. skaðabótalaganna fyrir tímabilið úr téðri

slysaftryggingu. Að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á samkvæmt gögnum málsins að hún eigi rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt eftir reglum skaðabótaganna.

**Niðurstaða.**

M á rétt á þjáningabótum fyrir tímabilið 12. til 21. desember 2018 úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.